

Mætt voru; Börkur skólastjóri, Inga aðstoðarskólastjóri, fulltrúi starfsmanna : Þorsteinn, fulltrúar kennara : Arnheiður og Sigurlína, fulltrúar foreldra: Ingólfur og Marsilía Dröfn, fulltrúar nemenda : Mist.

1. Fyrir fundinn fengu fulltrúar senda starfáætlun næsta skólaárs, hún er tilbúin að öðru leyti en því að þar inni hefur umsjónarþekkingum ekki verið ráðað niður á kennara og hugsanlegar smávægilegar breytingar á símenntunaráætlun.
2. Á næsta skólaári verður meginþungi símenntunar lagður í læsi í víðum skilningi. Samvinna er við aðra grunnskóla í Vesturbæ um sameiginlega lestrarstefnu og einnig verður Orð af orði innleitt í kennsluhætti skólans.
3. Börkur sagði frá starfsmannamálum næsta skólaárs. Nokkrir fara í launalaus leyfi , einn kennari kemur aftur. Verið er að ráða í stöðu þroskaþjálfara fyrir næsta vetur. Börkur mun hverfa til annarra starfa 1. ágúst hann hefur verið ráðinn í stöðu skólastjóra Ölduselsskóla.
4. Staða skólastjóra Grandaskóla hefur verið auglýst laus til umsóknar. Umsóknarfrestur rennur út 3. júní.
5. Stefnt að því að annað starfsfólk en kennarar verði í svipuðum starfshlutföllum hér næsta vetur og nú er.
6. Vorhátíð skólans verður 31. maí, í samvinnu starfsfólks, nemenda og foreldra.
7. Skólaslit þriðjudaginn 5. júní. Um hádegi fyrir 1.-6. bekk, síðdegis fyrir 7. bekk. Foreldrar boðnir velkomnir.

Fundi slitið
Inga Sigurðardóttir